

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2025



ÞRIÐJUDAGINN 7. JANÚAR KL. 13:15

PRINCESS MONONOKE

MÁNUDAGINN 13. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 14. JANÚAR KL. 13:15

METROPOLIS

MÁNUDAGINN 20. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 21. JANÚAR KL. 13:15

BLADE RUNNER

MÁNUDAGINN 27. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 28. JANÚAR KL. 13:15

SUNSET BOULEVARD

MÁNUDAGINN 3. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 4. FEBRÚAR KL. 13:15

THE SILENCE OF THE LAMBS

MÁNUDAGINN 10. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 11. FEBRÚAR KL. 13:15

MAN WITH A MOVIE CAMERA

MÁNUDAGINN 17. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 18. FEBRÚAR KL. 13:15

SEVEN

VETRARFRÍ

THE ORDINARIES Á ÞÝSKUM DÖGUM UTAN DAGSKRÁR – DAGSETNING BIRT SÍÐAR

MÁNUDAGINN 3. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 4. MARS KL. 13:15

THE SUBSTANCE

MÁNUDAGINN 10. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 11. MARS KL. 13:15

ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST

MÁNUDAGINN 17. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 18. MARS KL. 13:15

THE GRAND BUDAPEST HOTEL

MÁNUDAGINN 24. MARS KL. 14:15

CASABLANCA

MÁNUDAGINN 31. MARS KL. 14 :15

PRINCESS MONONOKE

MÁNUDAGINN 7. APRÍL KL. 14 :15

ELSKLING

*Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur*

*Skráningar: oddnysen@gmail.com*

*Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís*

*<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>*



## PRINCESS MONONOKE



**TEGUND OG ÁR:** Ævintýri, teiknimynd, 1997

**FRAMLEIÐSLULAND:** JAPAN

**LENGD:** 134 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Hayao Miyazaki

**AÐALHLUTVERK:** Billy Crudup, Billy Bob Thornton, Minnie Driver


**TUNGUMÁL:** Japanska með íslenskum texta

Ungur hugaður stríðsmaður að nafni Ashitaka, fær á sig bölvun þegar hann er að reyna að vernda þorpið sitt fyrir brjálaðri skepnu. Til að bjarga lífi sínu þarf hann að fara í frumskógana fyrir vestan. Þegar hann er kominn þangað þá dregst hann inn í ofsafengna baráttu sem mennirnir áttu í við skóginn.

Hin metnaðarfulla Lady Eboshi og skósveinar hennar, nota byssur á móti guðum skógarins og hugaða unga stúlku, Princess Mononoke, sem var alin upp af úlfaguð. Ashitaka sér hið góða í báðum fylkingum, og reynir að stöðva blóðbaðið. Því er tekið af úlfúð af báðum fylkingum, sem báðar vantroysta Ashitaka.

Myndin er eftir einn fremsta teiknimyndahöfund í heimi, Hayao Miyazaki, sem gerði hina frægu "Spirited Away". Hún hefur fengið fjölda verðskuldaðra verðlauna og viðurkenninga og er í senn ævintýri sem gerist á framandi slóðum og listaverk.

## METRÓPOLIS



**TEGUND OG ÁR:** Vísindaskáldsögumynd, 1927

**LENGD:** 153 MIN

**FRAMLEIÐSLULAND:** ÞÝSKALAND

**LEIKSTJÓRI:** Fritz Lang

**AÐALHLUTVERK:** Alfred Abel, Birgitte Helm, Gustave Fröliche


**TUNGUMÁL:** Þögul með textaskiltum

Metropolis þykir vera ein af mikilvægustu verkum þýska expressjónismans, tímabils sem hófst 1918 og stóð til 1933. Hún þykir ekki síður mikilvæg í kvikmyndasögunni sjálfri og er á Memory of the World hjá Lista- og menningardeild Unesco.

Myndin er spásögn af heimi 21. aldar þar sem yfirstéttin býr við öll þægindi í skýjakljúfaborg en lægri stéttin hefst við neðanjarðar í stöðugum þrældómi. Brátt tekur glundroðinn við fyrir tilstilli brjáláðs vísindamanns og vélmennis, en Fritz Lang reyndi að túlka þessa spásögn eða útópíu með ljóðrænum aðferðum sem þóttu mjög sérstakar á þessum tíma.

Flestar nútíma vísindaskáldsögumyndir og tölvuleikir eru undir sterkum áhrifum fráMetrópolis, en myndin er undanfari The Matrix, Blade Runner og 2001: A Space Odyssey.

## BLADE RUNNER



*TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsögumynd, 1982*

*LENGD: 116 MIN*

*FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN*

*LEIKSTJÓRI: Ridley Scott*

*AÐALHLUTVERK: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young og Darryl Hannah*

*TUNGUMÁL: Japanska með enskum texta*

Blade Runner er ein af klassískum lykilmyndum sem sækir í fræg kvikmyndaverk frá fyrri tímum eins og rökkurmyndir fjórða áratugarins og Metropolis (1928) eftir Fritz Lang. Myndin er byggð á vísindaskáldsögunni “Do Androids Dream of Electric Sheep” eftir Phillip K. Dick. Hún gerist í Los Angeles árið 2019 þar ríkir stöðugt myrkur og rigning þar sem mannkynið hefur eyðilagt jörðina og búið sér nýlendur á öðrum hnöttum.

Spár um erfðataekni og japönsk yfirráð á markaði sem voru vinsælar á áttunda áratugnum hafa gengið eftir og svokallaðar eftirmyndir, sem eru í mannlíki, eru hannaðar og sendar út í geiminn til ýmissa starfa. Margar þeirra sleppa til jarðarinnar og sérstakir lögreglumenn eru þjálfaðir til að leita þær uppi og fjarlægja þær. Einn þeirra, Rick Deckard (Harrison Ford) er fenginn til að leita uppi hættulegar eftirmyndir sem talið er að geti þróað með sér tilfinningar. Spurningin er hins vegar hvort Deckard sjálfur sé maður eða eftirmynd og sama máli gegnir um konuna sem hann verður ástfanginn af, Rachel (Sean Young)

## SUNSET BOULEVARD



*TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1950*

*LENGD: 110 MIN*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin*

*LEIKSTJÓRI: Billy Wilder*

*AÐALHLUTVERK: Gloria Swanson, William Holden, Erich von Stroheim*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

Sunset Boulevard er með frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar en er jafnframt ádeila á Hollywood, æskudýrkun og afdrif leikara þögla tímabilsins. Myndin segir frá ungum handritshöfund, Joe, sem er staðráðinn í að öðlast frægð í Hollywood, en gengur illa. Hann neyðist til að leggja á flóttu frá skuldunautum og uppgötvar af tilviljun heimili frægrar kvikmyndastjörnu frá tímabili þöglu myndanna, Normu Desmond.

Norma ræður Joe til að hjálpa henni við að skrifa handrit þar sem hún íhugar endurkomu. Margt sérkennilegt kemur í ljós eftir því sem Joe dvelur lengur á setri Normu en hann kynnist líka ungrri konu sem hefur áhuga á að skrifa handrit.

## THE SILENCE OF THE LAMBS



**TEGUND OG ÁR:** *Sálfræðitryllir, 1991*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *118 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Jonahan Demme*

**LEIKARAR:** *Jodie Foster, Anthony Hopkins, Ted Levine*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Clarice Starling er að ljúka námi við akademíu alríkislögreglunnar og fær það verkefni að fá upplýsingar um geðsjúkan raðmorðingja sem gengur laus og er grunaður um að hafa rænt ungum konum.

Hún er því fengin til að ræða við Hannibal Lecter, sem var virtur geðlæknir, en situr í fangelsi fyrir morð. Samskipti þeirra verða flóknari en gert var ráð fyrir í upphafi og brátt þarf Clarice að fá alla þá hjálp sem Lecter getur veitt henni.

Lömbin þagna hlaut fimm Óskarsverðlaun árið 1991.

## MAN WITH A MOVIE CAMERA



**TEGUND OG ÁR:** Heimildamynd, 1929

**FRAMLEIÐSLULAND:** Sovétríkin

**LENGD:** 68 mín

**LEIKSTJÓRN:** Dziga Vertov

**TUNGUMÁL:** Þögun með tónlist

Man With A Movie Camera er tilraunakennd sovésk heimildamynd sem sýnir borgarlíf sovéskra borgara frá dögum til sólarlags. Hún á að gerast í einni borg en var tekin í borgunum Kiev, Kharkov, Moskvu og Odessa.

Dziga Vertov var kvikmyndafræðingur og brautryðjandi í heimildamyndagerð seint á þriðja áratugnum. Hann tilheyrði hreyfingu kvikmyndagerðarmanna sem notaði kino-eye tæknina. Myndin er með frægustu heimildamyndum sem hafa verið gerðar.



## SE7EN



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, tryllir, 1995*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *127 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *David Fincher*

**LEIKARAR:** *Morgan Freeman, Brad Pitt, Gwyneth Paltrow*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Seven fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn, þá Somerset (Morgan Freeman) og Mills (Brad Pitt) sem leita að raðmorðingja sem fremur morð í anda dauðasyndanna sjö. Myndin gerist á sjö dögum, sem eru fyrstu sjö dagar Mills í nýju starfi og sjö síðustu dagar Somerset áður en hann sest í helgan stein.

Áhrif Se7en voru mjög víðtæk og eru virk enn í dag. Meðal kvikmynda sem eru undir áhrifum af Se7en eru til dæmis Saw-myndirnar og myndir undir áhrifum af þeim og Gotham-borgin í þrileik Christopher Nolan um Dark Knight, Batman (22), Resident Evil og Final Destination.

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir bestu klippingu og til BAFTA-verðlaunanna fyrir besta handrit.

## THE SUBSTANCE



*TEGUND OG ÁR: Drama, horror, vísindaskáldsaga, 2024*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bretland*

*LENGD: 140 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Coralie Fargeat*

*LEIKARAR: Demi Moore, Oscar Lesage, Margaret Qualley, Dennis Quaid*

*TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta*

Þegar frægðarsólin hnígur, ákveður stórstjarna að leita að dularfullu efni á svörtum markaði sem breytir henni í yngri útgáfu af sjálfri sér. Eldri og yngri útgáfan deila tíma þar sem hvor um sig fær sjö daga, síðan þarf að skipta. Einfalt? Aldeilis ekki!

Demi Moore og Margaret Qualley slógu í gegn á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2024 og myndin var tilnefnd sem besta mynd til Evrópsku Kvikmyndaverðlaunanna og Coralie Fargeat sem besti leikstjóri ársins.

Myndin hefur vakið mikla athygli fyrir að varpa ljósi á óraunhæfa æskudýrkun og fegurðarstaðla fyrir konur, ekki bara í Hollywood heldur hvar sem er.

## ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, 1975*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *133 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Milos Forman*

**LEIKARAR:** *Jack Nicholson, Danny DeVito, Louise Fletcher*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Milos Forman var einn af forsprökkum tékknesku nýbylgjunnar en settist að í Bandaríkjunum til að gera kvikmyndir. Hann er einna þekktastur fyrir *Amadeus*, *Hair* og *Gaukshreiðrið*.

*Gaukshreiðrið* gerist á stofnun fyrir geðsjúka og segir frá smákrimma að nafni *McMurphy* sem læst verða geðveikur til að losna við vinnu í fangelsinu. Allar daglegar venjur á geðsjúkrahúsinu eru gríðarlega fastar í skorðum þar sem yfirhjúkrunarkonan *Ratched* er með óskorað vald. *McMurphy* reynir að breyta ýmsum reglum til að gera sjúklingana virkari og glaðari, en fær *Ratched* upp á móti sér.

Myndin vakti mikla athygli fyrir að beina sjónum almennings að aðbúnaði geðsjúkra á þessum tíma og hlaut fimm Óskarsverðlaun, en *Jack Nicholson* og *Louise Fletcher* hlutu bæði Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki.

## THE GRAND BUDAPEST HOTEL



**TEGUND OG ÁR:** *Gamanmynd, 2014*

**LENGD:** *100 Mínútur*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Wes Anderson*

**AÐALHLUTVERK:** *Ralph Fiennes, F. Murray Abraham, Jude Law, Tilda Swinton*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Grand Budapest Hotel segir frá sérkennilegum hótelsstjóra á frægu hóteli í Evrópu á fjórða áratugnum og vináttu hans við ungan starfsmann sem verður skjólstæðingur hans. Inn í frásögnina blandast átök við ríka fjölskyldu vegna erfðamála og stuldi á frægu málverki.

Wes Anderson er einn af athyglisverðustu kvikmyndaleikstjórum seinni nýbylgjunnar í Bandaríkjunum en hann hefur vakið athygli fyrir sérstæðan og persónulegan stíl og hefur gert myndir á borð við Fantastic Mr. Fox og Moonrise Kingdom.

Grand Budapest Hotel hlaut fjögur Óskarsverðlaun.

## CASABLANCA



**TEGUND OG ÁR:** *Rómantík, spenna, stríð*

**LENGD:** *102 Mínútur*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Michael Curtiz*

**AÐALHLUTVERK:** *Humphrey Bogart, Ingrid Bergman, Paul Henreid*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Myndin gerist í Casablanca í síðari heimsstyrjöldinni þar sem Rick Blaine, Bandaríkjamaður í útleð, rekur vinsæla veitingastaðinn Rick's Café. Þangað kemur leiðtogi tékknesku andspyrnuhreyfingarinnar, Victor Laszlo ásamt eiginkonu sinni, Ilse. Hún var ástkona Ricks í París og ætluðu þau að flýja saman þegar Þjóðverjar hernámu borgina, en mætti ekki á lestarstöðina þar sem þau ætluðu að hittast.

Casablanca er klassísk mynd sem allir þurfa að sjá, en það hefur verið vitnað ótal sinnum í hana í öðrum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og vinsældir hennar hafa farið vaxandi með tímanum. Margar af frægustu setningum kvikmyndasögunnar er að finna í myndinni.

## PRINCESS MONONOKE



**TEGUND OG ÁR:** Ævintýri, teiknimynd, 1997

**FRAMLEIÐSLULAND:** JAPAN

**LENGD:** 134 mínútur

**LEIKSTJÓRI:** Hayao Miyazaki

**AÐALHLUTVERK:** Billy Crudup, Billy Bob Thornton, Minnie Driver

**TUNGUMÁL:** Japanska með íslenskum texta

Ungur hugaður stríðsmaður að nafni Ashitaka, fær á sig bölvun þegar hann er að reyna að vernda þorpið sitt fyrir brjálaðri skepnu. Til að bjarga lífi sínu þarf hann að fara í frumskógana fyrir vestan. Þegar hann er kominn þangað þá dregst hann inn í ofsafengna baráttu sem mennirnir áttu í við skóginn.

Hin metnaðarfulla Lady Eboshi og skósveinar hennar, nota byssur á móti guðum skógarins og hugaða unga stúlku, Princess Mononoke, sem var alin upp af úlfaguð. Ashitaka sér hið góða í báðum fylkingum, og reynir að stöðva blóðbaðið. Því er tekið af úlfúð af báðum fylkingum, sem báðar vantroysta Ashitaka.

Myndin er eftir einn fremsta teiknimyndahöfund í heimi, Hayao Miyazaki, sem gerði hina frægu "Spirited Away". Hún hefur fengið fjölda verðskuldaðra verðlauna og viðurkenninga og er í senn ævintýri sem gerist á framandi slóðum og listaverk.

## ELSKLING



**TEGUND OG ÁR:** *Drama*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Noregur*

**LENGD:** *104 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Lilja Ingólfsdóttir*

**LEIKARAR:** *Helga Guren, Oddgeir Thune, Elisabeth Sand, Marte Magnusdotter Solem*

**TUNGUMÁL:** *Norska með íslenskum texta*

María á í erfiðleikum með að takast á við krefjandi feril, heimilishald og ummönnun fjögurra barna. Seinni maðurinn hennar Sigmund er frjársari við og ferðast mikið. Einn daginn lenda þau í rifrildi sem á eftir að draga dilk á eftir sér.

Fyrsta mynd norsk/íslensku leikstýrunnar Lilju Ingólfsdóttur sem frumsýnd var á kvikmyndahátíðinni Karlovy Vary þar sem hún hlaut samtals 5 verðlaun.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



